

Dags. fundar: 22. sept 2010	Tími: 17:30	Nr. fundar: 6
Fundarboðari: Ólafur Baldursson	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Salur C, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Efni fundar:

1. Dómaranámskeið.
 - a. Óðinn
 - b. ÍA
 - c. Ægir
 - d. ÍBV
 - e. SH
2. Vefsíða.
3. Umsókn til FINA.
4. Sjósundsmót.

Viðstaddir: Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þránínsson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Boðuð forföll: Birna Björnsdóttir og Steinunn Einarsdóttir.

Dagskrá:

1.

- a. Óðinn á Akureyri verður með dómaranámskeið föstudagskvöldið 24. september. Verklegi hluti þess verður á Sprengimóti Óðins sem fer fram á Akureyri 25. og 26. september. Gunnar Eiríksson yfirdómari hjá Óðni verður leiðbeinandi.
- b. ÍA hefur sótt um að dómaranámskeið verði haldið hjá þeim og verklegi hluti þess yrði fyrstu helgina í október. Þá helgi fer fram TYR mót Ægis og er því ekki hægt að verða við ósk ÍA um námskeið þetta skiptið. Ólafur Baldursson er tilbúinn að leiðbeina á námskeiði hjá ÍA þegar hentugar dagsetningar finnast. Einnig er hugmynd að ræða við Carsten Kristinsson yfirdómara hjá ÍA um hvort hann getur leiðbeint á dómaranámskeiði hjá þeim.
- c. Gústaf Adolf Hjaltason yfirdómari hjá Ægi, mun verða leiðbeinandi á dómaranámskeiði sem haldið verður í tengslum við TYR mót Ægis. Námskeiðið verður auglýst gegnum SSÍ og skráning á það mót færi fram hjá SSÍ. Það námskeið er opið öllum þannig að áhugasamir hjá ÍA gætu komið á það námskeið ef það passar þeim.

- d. ÍBV hefur sótt um að haldið verði dómaramámskeið í tengslum við mót hjá þeim 23. og 24. október. Eitthvert misræmi er í atburðardagatali SSÍ þar sem mót ÍBV er skráð þar 16. og 27. október. Einnig er ÍBV nýlega búð að fjárfesta í Hy-Tek og Meet Manager kerfunum og er einnig óskað eftir aðstoð við að setja upp mótíð og „keyra“ það. Haft verður samband við ÍBV og þau hvött til að koma á TYR mót Ægis (1.-3. október) og jafnvel á landskeppnina Island-Færeyjar (8.-9. október) til að fylgjast með hvernig mót er uppsett og „keyrt“. Kannaður verður möguleiki á því að Ragnhildur Guðjónsdóttir, Ægi aðstoði við tæknimálin en einnig að Sigrún Guðmundsdóttir yfirdómari hjá ÍBV geti leiðbeint á dómaramámskeiði í Vestmannaeyjum a.m.k. þegar misræmi á dagsetningu ÍBV-mótsins hefur skýrst.
 - e. Dómaramámskeið verður haldið hjá SH í vikunni fyrir Stórmót SH sem dagsett er 22.-24. október. Verulegi hluti námskeiðsins yrði á því móti. Örn Óskarsson yfirdómari hjá SH verður leiðbeinandi á því námskeiði.
2. Tilbúin eru skjöl hjá nefndinni sem þyrfti að koma inn á svæði dómara á vefsíðu SSÍ. Athugað verður einhver innan nefndarinnar fái aðgang að síðunni og geti þ.a.l. lagað svæði dómara eftir vild. Um er að ræða breytt skjöl o.fl.
 3. Enn hefur ekkert heyrt af FINA og umsókn þess efnis að Birna Björnsdóttir og Ólafur Baldursson fái að starfa sem alþjóðlegir dómara og að Klemenž Sæmundsson og Gunnlaugur Þráinsson fái að starfa sem alþjóðlegir ræsar.
 4. Að mati fundarmanna þarf að efla samvinnu milli SSÍ og sjósundsnefndar áður en Íslandsmótið í Víðavatnssundi verður haldið í júlí á næsta ári. Ólafur og Ingibjörg störfuðu við dómgaeslu á mótinu sem haldið var í júlí 2010 og fengu þau margar góðar og gagnlegar ábendingar frá keppendum og staðarhöldurum í Nauthólsvík um það sem betur mætti fara á næsta sjósundsmóti/víðavatnssundsmóti.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Verkefni	Ábyrgur	Ljúkist fyrir
Kannar stöðu ÍA gagnvart dómaramámskeiði	ÓB	Sem fyrst.
Ræða við Ragnhildi – Ægi og Sigrúnu ÍBV vegna tæknikennslu og dómaramámskeiðs hjá ÍBV	ÓB	Sem fyrst
Vefsíðan	IELS	Sem fyrst
Sjósundsmót	ÓB	Fljótlega.

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið: Klukkan 18:45.

Næsti fundur: Verður boðað til hans.